Ben. Rafnkelsson
CLARKLEIGH, MAN.,

vill fá gamlan mann eða unglingsdreng fyrir veturinn. —

Gott kaup borgað.

Létt og létt vinna.

Fréttir úr Bænum.

Vér biðjum hlutaðeigendur afsökunar á því, að vér gátum ekki í síðasta blaði um það, að á Otto, Man., var MEMORIAL SERVICE haldin í kyrkju Únítara þar nýlega í minningu Jóns Magnússonar frá Lundar, Man., er særðist í stríðinu á Frakklandi og dó þar á sjúkrahúsi. Var þar fjöldi manna saman kominn og voru samskot tekin til Rauðakrossins og komu inn 10 dollarar. Þessir peningar voru svo afhentir bankastjóra Thorsteinsson hér í bæ, sem tekur við öllum þeim peningum, sem safnað er meðal landa í þessum tilgangi. — Það má einnig geta þess að þetta er mjög lagleg upphæð að senda frá lítilli sveitakyrkju í nýbygðum, og eiga þeir heiður skilið fyrir, sem sendu.

Eins og getið var um í Heimskringlu fyrir ári síðan, þá fór Miss EMILIA LONG til Englands, sem hjúkrunarkona (nurse), og eftir að hún hafði dvalið að eins stuttan tíma í Lundúnum, var hún send til Suður-Wales, sem hjúkrunarkona á hermannaspítala þar, og hefir dvalið þar síðan og getið sér góðan orðstír; sem sézt bezt á því, að 7. Júlí er hún sett sem yfirumsjónarkona spítalans. Er það vandasöm staða og afar erfið, því að hún þarf einnig að sjá um öll matar-innkaup, og alt, sem við kemur spítalanum. Henni er því gagn, að hún er vel mentuð stúlka og drjúg í verkum. Óskandi, að heilsan bili hana ekki.

Frétzt hefir, að Jakob Líndal, sonur J. H. Líndals í Wynyard, og bróðir Hannesar J. Líndals hér í borg, — hafi fallið í orustunni við Somme á Frakklandi núna í vikunni.

Hr. Árni Eggertsson fékk í gær bréf frá skipstjóranum á Goðafossi. Segir hann skipið hafa komið til New York 30. okt kl. 9. f.m. — Þeir hreptu vont veður á leiðinni, 7 dagar samfleytt, sem aldrei linti ofsaveðri og sjógangi. Ferðin tók 14½ dag frá Reykjavík til New York. — Skipið sýndi sig að vera traust og ábyggilegt, þótt stórsjóar ógnuðu svona lengi, og virðist skipstjórinn mjög ánægður með traustleika þess. Segir hann, að stórskipin, sem þeir töluðu við á leiðinni, hafi mjög kvartað yfir vondu veðri, og víst undrast yfir, að litla íslenzka skipið var óhrætt og skreið sína leið. Þeir spurðu, hvað Goðafoss væri stór og svaraði skipstjórinn, að hann væri nálægt því að vera eins mörg hundr uð smálestir og þeirra skip væru þúsund; og fanst þeim skipið vera gott, að þola þetta veður svona létt. Goðafoss hafði meðferðis 7000 tunnur af síld og 100 tons af skinnum. Nýu farþegar voru á skipinu og eru sumir þeirra komnir heimað. Búist við að skipið leggi á stað til Íslands hinn 9. þ. m.

Úr bréfi frá Lundar.— "Grettir A. A. C. hefir ákveðið að hafa samkomu mikla að Lundar Hall á fimtudagskveldið 7. des. næstkomandi, sem byrjar á mínútunni kl. 7.30. Þar fer fram kosning embættismanna fyrir næsta ár. Einnig verður þar útbýtt prísum og medalíum til þeirra, er þær unnu á Íslendingadaginn síðasta. — Þar má búast við ágætri skemtun, því að Grettissamkomur eru orðnar viðurkendar fyrir að hafa ætíð ágætt prógram.

Inngangur og veitingar frítt".

Jóns Bjarnasonar skóli og nokkrir vinir hans eru í undirbúningi með, að selja heimatilbúið brauð í skólanum í næstu viku. Ákveðið er, að salan standi föstudags- og laugardagskveld (17. og 18. þ. m.) og byrji hvort kveldið kl. 8. Ennfremur verða veitingar seldar öllum sem vilja. Öllum ágóða verður varið til að borga fyrir píanó handa skólanum. Vonandi er, að allir verði fúsir til að styrkja þetta góða fyrirtæki.

Fimtudagskveldið hinn 23. þessa mánaðar hefir Únítarasöfnuðurinn ákveðið að hafa **TOMBOLU** í fundarsal kyrkjunnar. Þar geta menn fengið marga góða og eigulega muni, sem eru mikið meira virði en það sem drátturinn kostar.

Inngangur með einum drætti 25c.

Sunnudaginn 29. október lézt Jónatan Halldórsson að heimili sonar síns nálægt Wynyard, Sask. Hann var 86 ára gamall og einn af fyrstu landnemum í þeirri bygð, — kom frá Dakota 1905. Auk aldraðrar ekkju skilur hinn látni eftir tvo sonu og tvær dætur.—(Wynyard Advance).

SAILORS' RELIEF FUND.

Eins og menn vita, hefir Manitoba fylki lofast til að safna fé til styrktar brezkum sjómönnum, eða réttara hermönnum þeim í flotanum, sem strandvarnir hafa á hendi, sem vernda verzlun vora, sem banna þýzka flotanum að sökkva öllum kaupskipum, sem flytja vörur frá Canada, — sem hafa haldið hlífiskildi yfir öllum heimi.

Nú hefir "Jón Sigurðsson" félagið okkar tekið að sér að halda samkomu fyrir SAILORS' RELIEF FUND til þess að vinna sinn hluta í þessu sem öðru til að verja landið og freisið.

Samkoma þessi á að verða á þriðjudaginn hinn 14. nóvember þ. á. í Tjaldbúðarkyrkju, kl. 8 e.m. Séra Friðrik J. Bergmann flytur þar ræðu og segir frá starfi flotans brezka á þessum tíma og hvað hann hefir afkastað.

Svo verður gott prógram, sem þó ekki er búið að ákveða, þegar þetta er ritað. Félagið skorar á alla vini Canada, vini freisis þess og réttinda, sem vér njótum, vini mannúðar og menningar og varanlegs friðar, þegar stríð þetta er búið, að sækja fund þenna vel og koma ekki tómhentir. Vér ætlumst ekki til neinna stórgjafa, 10 og 25 cents eru ágæt, og ef húsið verður fult, sem vér vonum, þá getum vér haft nóga peninga saman til að greiða vorn hluta, og það er skemtilegra, að margir gefi, þó að smátt sé og séu þannig samtaka að sýna góðan vilja og virðingu og þakklæti vort fyrir því, sem brezki flotinn hefir afrekað.

Komið, vinir, og fyllið húsið — fyrir flotann.

Fyrir hönd "Jón Sigurðsson" I.O. D. E.

Forsetinn.

VÖRUVERÐ HÆKKAR ÓÐUM.

Hveitið flýgur upp á Englandi og allar aðrar vörur.— Kartöflur hafa hækkað um 1400 pró sent frá því stríðið byrjaði.

London, 31. okt.—Hveitiprísarnir á Englandi eru nú hærri en þeir hafa verið í nærri hundrað ár. Canterbury (Kantaraborg) er stærsti hveitimarkaðurinn fyrir Suður-England og bæði þar og í Cambridge er hveitiverðið orðið $2.25⅝ bush. En í byrjun júlímánaðar var hveitiverðið $1.54⅜ bush.

Allar aðrar fæðutegundir eru að fara í ofsaverð. Og ef að fiskur frá Canada væri fáanlegur, þá mætti fá ágætis-verð fyrir hann; því að a laugardaginn var fiskur seldur á 3 shillings 3 pence pundið ('soles' eða kolar), og síld var seld fyrir 3 shillings stykkið. Kartöflur eru í afarverði og hafa hækkað 1400 prósent síðan fyrir stríðið.

Lávarður Crawford er formaður akuryrkjumálanefndarinnar, og lýst honum mjög illa á ástand þetta. — Við uppskeruna kom það í ljós, að færri voru ekrur ræktaðar, en árið áður, og nú var hann hræddur um, að uppskeran yrði minni af hverri ekru.

Lávarður Crawford kvað því brýn ustu nauðsyn, að hvetja bændur að sá sem mestu hveiti næsta ár: því þó að svo kynni að fara, að friður yrði á kominn um páska næsta ár, þá hlyti verð á korntegundum að verða mjög hátt á næsta hausti.

Tímaritið "Iðunn"

Rétt áður en þetta blað fer í pressu, fékk eg loksins tvö fyrstu heftin af 2. árgangi IÐUNNAR og sendi þau til allra kaupenda fyrsta árgangs, samkvæmt því, er eg hefi tvívegis áður auglýst. Útgefendurnir ætlast til, að árgangurinn sé borgaður strax við móttöku þessara hefta, og vil eg því vinsamlega biðja menn, að senda andvirðið sem allra fyrst — $1.25 — : mig langar til, að senda útg. peninga heim fyrir Jól.

Kaupendur 1. árg., sem ekki hafa keypt Iðunni beint frá mér, bið eg að snúa sér til útsölumanna minna, sem góðfúslega hafa tekið að sér útbýtingu ritsins í sínu nágrenni og innköllun fyrir það.

Þetta rit er að allra dómi, sem á það hafa minst við mig, munnlega eða skriflega, með allra eigulegustu bókunum, sem nú og í seinni tíð hafa verið gefnar út á íslenzku; það væri því að líkindum mjög kærkomin Jólagjöf öllum Vestur-Íslendingum. Eg hefi enn óseld nokkur eintök af 1. árg. Sendið mér $2.50 fyrir báða árgangana. Það eru beztu bókakaupin, sem Vestur-Íslendingar eiga kost á nú. Næsta ár verður ekki hægt að fá Iðunni frá byrjun, og mun þá margur sjá eftir, að hafa ekki keypt þetta ágætis-rit meðan tími var til.

Stefán Pétursson,
696 Banning Street, Winnipeg.

Stúkan HEKLA er að útbúa sjúkrasjóðs TOMBÓLU, sem verður haldin á föstudagskveldið 17. þ. m. Nánar auglýst síðar.

Taflfélagið "Friðþjófur"

heldur nú fundi sína á 804 Sergent Ave. Það hefir leigt þar fundarsal, sem alt af er opinn fyrir meðlimi. Aðal fundarkveld eru samt ákveðin þriðjudags- og föstudagskveld, kl. 8. Næsta föstudagskveld verður bændaglíma háð. Sú hliðin, sem vinnur, fær vindlakassa. Allir taflmenn velkomnir!

Fljótir nú!

"Mörður týndi tönnum".

Heillavinir handan um sjá
heyrið þér seppann geyja?
Oss hann sendir skitna skrá.
Skal við slíku þegja?

Maklegt er þér Manga prest
minnilega flengið.
Vér höfum aldrei verri gest
vestur hingað fengið.

Þekst hefir vart á vorri tíð
verri mannorð-kvinni;
atar hann bæði land og lýð
lygaspýju sinni.

Fyrir þvættings-fleipur téð,
fjandlegt hróp sem styður,
lemjast ætti læging með
lastmælanna niður.

Aldrei hann hjá okkar lýð
ást né þokka vinni.
honum rist sé naprast níð
nú og í framtíðinni.

Níðvísa ein
fyrir net hvert
goldin skyldi,
sem skyldukvöð,
níðing þeim,
er níð samdi.

S.

ÞJÓÐVERJA LANGAR Í OLÍUBRUNNANA Í RÚMENÍU. . .

Þegar Falkenhayn yfirherforingi Þjóðverja, fór á stað með Austurríkismenn á móti Rúmenum og hrakti þá seinni part sumars og gat loksins brotist í gegnum Predeal-skörðin suðvestur af Brasso eða Kronstadt og komst einar 10 mílur eða vel það suður fyrir landamæri, — þá hefir hann eflaust ætlað sér að ná hinum miklu olíubrunnum Rúmena við Ploesci. Brunnar þessir eru fyrirtak, en Þjóðverjar þurfa mikið á olíu að halda. Og lengi, lengi hafa Þýzkir viljað komast að brunnum þessum og hafa lagt þangað leiðir, bæði krókóttar og beinar, að reyna að ná halda á þeim. En þeir hittu þar fyrir handfasta menn, sem sjaldan láta draga úr greipum sínum það, sem þeir einu sinni hafa náð tökum á. Og menn þessir eru Standard Oil mennirnir héðan frá Ameríku.

Þegar Þjóðverjar komust lengst suður, voru þeir tæpar 30 mílur frá námunum, suður af Kampalung. — En svo hafa Rúmenar þar getað náð að sér liði og hröktu Þjóðverja til baka norður í skörðin og feldu af þeim margt manna og tóku skotfæri og fallbyssur þeirra. Er því við því búið, að leiðin verði Þjóðverjum torsóttari í námurnar, en þeir héldu.

Og það var árið 1905, að Standard Oil félagið var búið að ná haldi á námunum og farið að byggja hreinsunarverkstæði (refineries) fyrir olíuna. En þau áttu á ári hverju að hreinsa 60,000 vagnhlöss af olíu, og væri hvert þeirra 10 ton að þyngd. Þetta var við Ploesci brunnana. — Þýzkir komust þó að þarna og fengu að setja upp þessi hreinsunarverkstæði, sem hreinsað gátu 20,000 vagnhlöss.

Standard Oil félagið lagði út í olíuverzlun þessa með þeim tilgangi að kaupa alla brunnana og leggja pípur úr námunum austur til Svartahafs, til borgarinnar Constanza. Eftir pípum þessum átti olían svo að renna, og er sá flutningur mjög ódýr. En Rúmenar vildu ekki leyfa þetta, og þá vöru líka aðrir komnir á völluna, og ætluðu að keppa við Standard Oil félagið, þó voldugt væri. Standard Oil félagið varð því að láta sér nægja það, sem það hafði fengið og hætta að fara fram á meira.

Svo komu Rúmenar fram nýjum lögum, sem banna að selja olíunámur landsins, en leyfa að leigja þær. Leigumálar eru harðir; en alt fyrir það voru Prússar einlægt að smáfæra sig upp á skaftið, og höfðu seinast, þegar stríðið byrjaði, haldið all-miklu af olíubrunnum landsins.

En einlægt var þeim meinilla við Standard Oil félagið, og nú segja menn þeir, sem þekkja til herskapar og Þjóðverja sérstaklega, að það hafi verið augnamið Falkenhayns, að komast svo langt, að hann gæti fengið sér á brúsa einn eða tvo úr brunnum þessum.

Og svo er þetta: að með herferðum sínum hafa Þjóðverjar einlægt peningahliðina og hagnaðinn fyrir augum. Þannig var það með Verdun og hin tryltu áhlaup Þjóðverja þar, að ein ástæðan fyrir því, að þeir ætlu strádrepa þar niður hverja fylkinguna af annari var sú, að þarna milli Metz og Verdun voru hinar miklu járnnámur Frakka og vantar lítið á, að þaðan fáist á hverju ári eins mikið járn og úr öllum Bandaríkjunum.

En af olíu fást úr Rúmeníu um 800,000 ton á ári hverju og hefir helmingur hennar eða 50 prósent gengið til Frakklands, en 20 prósent til Þýzkalands. Meginið af olíunni gengur til Constanza við Svartahaf, en hitt til Braila (Ibrahilia) norður við Dóná og er flutt út þaðan.

"Mórauða Músin"

Þessi saga er nú fullprentuð og fest í kápu og verður send til allra þeirra, sem sent hafa borgun, þessa dagana.

Þeir, sem hafa skrifað sig fyrir einu eða fleirum eintökum (og aðrir, sem vildu eignast söguna), gjörðu vel að senda oss nú borgun, 50 cents fyrir eintakið, og tryggja sér þannig bókina, — því upplagið er ekki stórt.

Allar pantanir afgreiddar fljótt.

Þessi saga verður EKKI GEFIN, sem kaupbætir með blaðinu að svo stöddu.

THE VIKING PRESS, LTD.
P.O. Box 3171. Winnipeg.

Brúkaðar falskar tennur

Keyptar í hvaða ástandi, sem þær eru.
Komið með þær eða sendið með pósti til
DOMINION TOOTH CO.
258½ Portage Ave.,
Room 501.
McGreevy Building, Winnipeg

Góð atvinna.

Viljugur og áreiðanlegur drengur — ekki yngri en 14 ára — getur fengið vinnu nú þegar á prentsmiðju Heimskringlu. Stöðug atvinna og gott kaup, ef drengurinn gjörir verk sín vel. — Þeir, sem vilja sinna þessu finni ráðsmann blaðsins strax.

Jón Sigurðsson I.O.D.E.

tekur til starfa að fylla kassa þá, sem sendir verða hermönnunum á vígvöllunum, og heldur áfram verki því á miðvikudag, fimtudag, föstudag og laugardag í viku þessari, að **heimili Mrs. A. Johnson, 414 Maryland Street, Winnipeg.** Óskað er, að allar félagskonur komi þangað að vinna að þessu.

KENNARA VANTAR

fyrir Arnes South School District No. 1054. Kenslutími 6 mánuðir, frá 1. janúar til 30. júní 1917. Kennari tiltaki mentastig og æfingu við kenslu og kaupgjald það, sem óskað er eftir Mentastig má ekki vera lægra en svo, að kennarinn hafi laga lega heimild til að kenna. Tilboðum verður veitt móttaka af undirskrifuðum til 30. nóvember 1916.

Nes P O, Man. 21. október 1916
Ísleifur Helgason, Sec'y-Treas.

SKRIFIÐ oss í dag og sendið þessa auglýsingu, og vér munum strax um hæl senda yður PRÍSLISTA af Gullstássi, Úrum, Klukkum, Borðbúnaði, Rafmagnsáhöldum og fleiru.

VÉR SPÖRUM YÐUR PENINGA; SJÁIÐ BARA PRÍSANA!

Nafn .....
Áritun ..... Fylki .....
Heimskringla 8.11.-'16.

THE AINSWORTH SALES CO.
617 McIntyre Building. WINNIPEG, MAN.

Bandalagið BJARMI hefir ákveðið að hafa Bazaar í Skjaldborg 8. og 9. desember. Nánar auglýst síðar.

RAYMOND Saumavélar og National skáfvéla partar til sölu hjá
Dominion Sewing Machine Co.
Dept. 8. WINNIPEG.

Frítt
Verzlunarskóla-nám
FYRIR AÐ ÚTVEGA NÝJA KAUPENDUR AÐ
Heimskringlu

Heimskringla hefir keypt SCHOLARSHIPS á einum hinum bezta verzlunarskóla borgarinnar, og gefur þau sem prísa fyrir það að eins, að útvega blaðinu nýja kaupendur.

SKILMÁLAR ERU ÞESSIR:

Prísarnir eru þrír (3), nefnilega:

1. prís—4. mánaða kensla, virði $50.00
2. prís—2. mánaða kensla, virði 28.00
3. prís—1 mánaðar kensla, virði 14.00

(Einnig má nota kveldskólann ef þægilegra er).

Sá, sem útvegar flesta kaupendur, fær fyrsta prís, og svo annan og þriðja þeir, sem næstir eru.

Peningar verða að fylgja hverri áskrift, og vera sendir oss affallalaust (t. d. í P.O. eða Express Money Order).

Þetta tilboð stendur til 23 desember, og geta þeir, sem prísana vinna, byrjað nám sitt, hvenær sem er eftir þann tíma

Upplýsingar fást á skrifstofunni um, hvað marga kaupendur — fæst — þarf að fá til þessað vinna prísana. Sé því marki ekki náð, þá verða borgaðar vanalegar prósentur í peningum í stað 'Scholarships' þeim, sem þátt taka.

Allar frekari upplýsingar fúslega gefnar á skrifstofunni — skrifið eða finnið oss sem fyrst. Fáið vini og kunningja yðar til þess, að gjörast áskrifendur Heimskringlu og vinnið þannig fyrir BUSINESS COURSE.

THE VIKING PRESS, LTD.
þr. S. D. B. Stephenson, Mgr.
P.O. Box 3171. 729 Sherbrooke St., Winnipeg

Ábyrgst Harðkol

Lethbridge Imperial
Canadian Sótlaus Kol.

Beztu fáanleg kaup á kolum fyrir heimilið.

Allar tegundir af eldivið — söguðum og klofnum ef vill.

PHONE: Garry 2620.

D. D. Wood & Sons, Limited
Office and Yards: Ross and Arlington.

The Good-Clear Dandruff Remedy

Bezta efnasamsetning brúkuð í þetta meðal. Það læknar væringu, en litar ekki hárið. Ágætt til þess að mýkja hárið og hreinsa og styrkja hársræturnar.

Kostar ..... 25 og 50 cts.

GOOD-CLEAR DANDRUFF REMEDY.

Til sölu hjá
The Sterling Cutlery Company
449 Portage Avenue.
Nálægt Colony St.

WINNIPEG -- MANITOBA.

MARKET HOTEL
146 Princess Street
á móti markaðinum
Bestu vínföng, vindlar og aðhlynning góð. Íslenkur veitingamaður N. Halldórsson, leiðbeinir Íslendingum.
P. O'CONNEL, Eigandi Winnipeg

Tone Regulating a Specialty.
Phone: Garry 4147
Gerard H. Steel
Útlærður að stilla Piano.
Tíu ár hjá Mason & Risch.
Gjörir við pianós. Alt verk ábyrgst.
672 Agnes Street
WINNIPEG